

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg, nr. 725/2007.

1. gr.

10. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

10. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

Gjalddagi gatnagerðargjalds skv. a-lið 4. gr. er dagsetning tilkynningar til lóðarhafa um úthlutun eða sölu lóðar eða byggingarréttar. Eindagi er 45 dögum síðar og skal gjaldið staðgreitt.

Gjalddagi og eindagi gatnagerðargjalds skv. b-lið 2. mgr. 4. gr., sbr. 5. gr., er útgáfudagur byggingarleyfis. Skal gatnagerðargjaldið greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

Borgarráð getur í einstökum tilvikum ákveðið aðra greiðsluskilmála.

2. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur þann 16. febrúar 2016 skv. heimild í 12. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og öðlast þegar gildi.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 16. febrúar 2016.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2016